

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag fyrir Akurgerði, Vogatjörn, Háþéjartún, skólalóð, Sveitarfélaginu Vogum.

Með vísan til ákvæða skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga þann 24. ágúst 2011 samþykkt breytt deiliskipulag fyrir Akurgerði, Vogatjörn, Háþéjartún, skólalóð. Deiliskipulagsbreytingin felur meðal annars í sér að deiliskipulagssvæðið er stækkað til austurs að Vogagerði norðan Tjarnargötu en minnkað að sunnanverðu. Vestan Vogagerðis kemur ný gata með þremur einbýlishúsalóðum auk þess sem við Vogagerði verður bætt við lóð. Einnig eru gerðar ýmsar leiðréttingar í samræmi við gildandi aðalskipulag. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði, sem öðlaðist gildi 10. desember 2004.

Vogum, 28. september 2011.

Eirný Valsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 12. október 2011